



**LÆKNAFÉLAG
ÍSLANDS** STOFNAD 1918
Icelandic Medical Association

Heilbrigðisráðherra
Svandís Svavarsdóttir
Velferðarráðuneytinu
Skógarhlíð 6
101 Reykjavík

Kópavogi 27. mars 2018.

Efni: Verktakagreiðslur til lækna í heilsugæslu.

Vísað er til bréfs Læknafélags Íslands (LÍ) frá 7. mars sl. þar sem lýst var miklum áhyggjum yfir stöðu heilsugæslunnar á landsbyggðinni. Tilefni bréfsins var fjölmiðlaumfjöllun í kjölfar málþings Félags ísl. heilsugæslulækna í byrjun mánaðarins. Í síðustu viku var þessi vandi ræddur frekar á fundi Landssamtaka heilbrigðisstofnana, sem haldinn var á Egilsstöðum. Þar var m.a. rætt að heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni greiddu verktakalæknum 120 – 220 þús. kr. á sólarhringinn án tillits til fjölda útkalla á sólarhring.

Einn framkvæmdastjóri hefur komið fram og fullyrt að það sé ódýrara fyrir heilbrigðisstofnanir að ráða heilsugæslulækna sem verktaka en sem launamenn, <http://www.ruv.is/frett/ekki-meiri-kostnadir-vegna-verktakalækna>. Vandséð er hvernig sú fullyrðing getur staðist nema heilbrigðisstofnanir séu þá í raun að greiða verktakagreiðslur sem eru lægri en nema launum samkvæmt kjarasamningi að viðbættum launatengdum gjöldum. LÍ óskar eftir því að heilbrigðisráðherra sendi félaginu tölulegar upplýsingar um það hvernig það stenst að það sé ódýrara fyrir heilbrigðisstofnun að ráða heilsugæslulækni sem verktaka en launamann. Það þarf ekki að fjölyrða um að LÍ lítur það alvarlegum augum ef fullyrðingar um ráðningar lækna á landsbyggðinni á lakari kjörum en samkvæmt kjarasamningi félagsins hafi viðgengist af hálfu stofnana ráðuneytisins.

LÍ hefur fengið upplýsingar um að læknum sem vilja fastráðningu til lengri tíma standi einvörðungu til boða ráðning með verktakasamningi. LÍ telur það grundvallaratriði að kjarasamningur félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra sé virtur í hvívetna af hálfu hins opinbera. Afleiðingar undirboða af þessu tagi geta ekki orðið aðrar en þær að læknar fást ekki til fastra starfa úti á landi og samfella í þjónustu við íbúa þar skerðist. Það hlýtur að ganga gegn markmiðum ráðuneytisins um uppbyggingu heilsugæslu landsmanna.

Ítrekuð er ósk um fund með ráðherra til að ræða stöðu þessara mála.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður

Afrit:

Salóme Ásta Amardóttir formaður FÍH.
Guðrún Ása Björnsdóttir formaður FAL.
Forstjórar heilbrigðisstofnana.